

Kennsluáætlun skólaárið 2019 - 2020

## Íslenska í 9. bekk

Í íslensku eru 5 kennslustundir á viku í 9. bekk. Kennari er Anna Marín Þórarinsdóttir.

### Vinnulag

Hér skal gerð stutt samantekt á því sem tekið verður fyrir í faginu í vetur. Nemendur bera ábyrgð á að skrifa niður heimanám, jafnframt verður heimanám nemenda aðgengilegt á mentor.is.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Þjóðsögur og ævintýri, skáldsagnalestur, ritunaræfingar, ritgerðarskrif, framsögn og vinna með stafsetningu og málfræði fallorða og sagnorða. Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: Íslendingasögur – Gunnlaugssaga, skáldsagnalestur, ritunaræfingar, framsögn og vinna með stafsetningu og málfræði óbeygjanlegra orða, ásamt undirbúning fyrir samræmt próf.

### Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
<b>Talað mál og hlustun</b>  Hlustað á lestur kennara og annarra nemenda	Ýmis verkefni frá kennara	<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar</li> <li>tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær</li> <li>hlustað á upplestur annarra og hefur tileinkað sér viðeigandi framkomu og kurteisi</li> <li>sýnt fram á að hafa kynnt sér viðfangsefnið vel og sýnir góðan skilning á því</li> </ul>	Nemendur kynna verkefni sem þau hafa unnið að.

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt sér fjölmiðla s.s. útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt</li> </ul>	
<b>Lestur og bókmenntir</b>  Þjóðsögur Íslendingasögur Skáldsögur Ljóð	Trunt, trunt og tröllin Sérðu það sem ég sé Smátímasögur Kveikjur Gunnlaugssaga Skáldsaga eftir Þorgrím Þráinsson Valbækur fyrir yndislestur	<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi</li> <li>• lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilning</li> <li>• notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta</li> <li>• getur myndað sér skoðun á því sem hann les og fært rök fyrir henni</li> <li>• greint grunnhugtök í ljóðagerð s.s. rím, hrynjanda, ljóðstafi og boðskap</li> <li>• lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta</li> <li>• beitt nokkrum grunnhugtökum bókmenntafræða s.s. flétta, sögusvið, myndmál, algengustu tákn og stílbrögð</li> <li>• leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, s.s. fjölmiðla- og margmiðlunarefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess</li> <li>• skilið og sagt frá helstu atburðum í Íslendinga sögu</li> </ul>	Þjóðsagan mín eða ævintýrið mitt Lestrardagbók Ýmis verkefni unnin úr skáldsögum Ýmis verkefni unnin úr Kveikjum Lestrar/lesskilningspróf Bókmenntapróf
<b>Ritun</b>  Þjóðsögur Bókmenntir Íslendingasögur	Verkefni og efni frá kennara	<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• valið textategund, skipulagt og orðað texta, s.s. sögur, frásagnir og lýsingar á þann hátt sem hæfir tilefni</li> <li>• skrifað læsilegan texta sem skiptist í inngang, meginmál og lokaorð, með greinaskilum á viðeigandi stöðum</li> </ul>	Þjóðsagan mín eða ævintýrið mitt Ritgerð/heimildaritgerð

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað hæfilega langar og rétt uppbyggðar setningar og málsgreinar</li> <li>• nýtt sér hjálpargögn s.s. orðabækur, málfræðirit og leiðréttingarforrit</li> <li>• beitt ritvinnslu af öryggi, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá samkv. reglum</li> <li>• beitt reglum um réttritun og hefur náð góðu valdi á stafsetningu</li> </ul>	Verkefnabók úr Gunnlaugssögu / Tímaritgerð úr Gunnlaugssögu Fréttaskrif Mannalýsing
<b>Málfræði</b>  Fallorð – upprifjun Sagnorð – upprifjun Óbeygjanleg orð - upprifjun	Ýmis málfræðiverkefni frá kennara Málvísir Málfinnur Kveikjur	<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann</li> <li>• notað algeng orðtök, málshætti og orðasambönd</li> <li>• áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra</li> <li>• fundið nafnorð í texta, útskýrt einkenni þeirra og fallbeygt þau</li> <li>• fundið greini í texta og áttað sig á hvort um sé að ræða viðskeyttan eða lausan greini.</li> <li>• fundið lýsingarorð í texta, útskýrt einkenni þeirra, áttað sig á stöðu þeirra og fallbeygt þau</li> <li>• fundið fornöfn í texta, nefnt fornafnaflokkana, orðin sem tilheyra hverjum flokki, útskýrt einkenni hvers flokks, áttað sig á stöðu þeirra og fallbeygt þau</li> <li>• fundið töluorð í texta, útskýrt einkenni, áttað sig á stöðu þeirra og fallbeygt þau</li> <li>• fundið sagnorð í texta, útskýrt einkenni þeirra: persónu, tölu, tíð og beygingu og beygt sagnir í kennimyndir</li> </ul>	Málfræðikannanir Ýmis verkefni úr Kveikjum

<b>Stafsetning</b>		<b>Nemandi getur ...</b>	
Skriffinnur	Verkefnablöð frá kennara Upplestur	<ul style="list-style-type: none"><li>• beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim</li></ul>	Stafsetningarkannanir

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Anna Marín Þórarinsdóttir